

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2022

2022/EES/61/13

frá 29. apríl 2022

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1927 frá 5. nóvember 2021 um breytingu á I. og II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE að því er varðar kröfur um fræ hveitiblanda sem eru framleidd með umfrymisbundinni karlófrjósemi ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði plantna. Ákvæði löggjafar um heilbrigði plantna skulu ekki gilda gagnvart Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og fram kemur varðandi aðlögun á tilteknum sviðum í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að gilda gagnvart Liechtenstein.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 3. lið (tilskipun ráðsins 66/402/EBE) í hluta 1 í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 L 1927**: Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1927 frá 5. nóvember 2021 (Stjttð. ESB L 393, 8.11.2021, bls. 13).“

2. gr.

Texti framkvæmdartilskipunar (ESB) 2021/1927, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 393, 8.11.2021, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.